Varðandi persónuverndarákvæði gagnvart umsækjendum, sjá vef lögreglunnar: <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2020/04/Persónuverndaryfirlýsing-til-umsækjenda.pdf>.

Umsóknarfrestur er til og með 26. mars 2021.

Frekari upplýsingar veitir Kristín Þórdís Þorgilsdóttir, kt01@logreglan.is, 444 2200.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum.

(2021005544

Útgáfud.: 12. mars 2021

Nauðungarsölur - Akureyri

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölur til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins Hafnarstræti 107, Akureyri, 9. apríl 2021 kl. 10.00 hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar: Aðalbraut 24,

Norðurþingi.

Fastanr.: 2167217.

Gerðarþoli (-ar): Maritza Esther P Ospino.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Norðurþing.

Fjárhæðir krafna í kr.: 161.437.

2021005533)

Heiti eignar: Bárulundur,

Hörgársveit.

Fastanr.: 2156971.

Gerðarþoli (-ar): Jón Þór Benediktsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 109.958.

2021005535)

Heiti eignar: Brúnagerði 2,

Eyjaþjófarsveit.

Fastanr.: 2338836.

Gerðarþoli (-ar): Timburbyggð ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Eyjafjarðarsveit.
Fjárhæðir krafna í kr.: 113.513.

2021005542)

Heiti eignar: Brúnagerði 3,

Eyjafjarðarsveit.

Fastanr.: 2338837.

Gerðarþoli (-ar): Timburbyggð ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Eyjafjarðarsveit.

Fjárhæðir krafna í kr.: 94.698.

2021005541)

Heiti eignar: Brúnagerði 4,

Eyjafjarðarsveit.

Fastanr.: 2338838.

Gerðarþoli (-ar): Timburbyggð ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Eyjafjarðarsveit.

Fjárhæðir krafna í kr.: 99.622.

2021005540)

Heiti eignar: Brúnagerði 5,

Eyjafjarðarsveit.

Fastanr.: 2338839.

Gerðarþoli (-ar): Timburbyggð ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Eyjafjarðarsveit.

Fjárhæðir krafna í kr.: 93.446.

2021005539)

Heiti eignar: Hjallalundur 5,

Akureyri.

Fastanr.: 2147373.

Gerðarþoli (-ar): Jóhannes Stefánsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Aur app ehf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 890.658.

2021005536)

Heiti eignar: Laugartún 23,

Svalbarðsstrandarhreppi.

Fastanr.: 2160504.

Gerðarþoli (-ar): Sigurður Hreinn Hjartarson og Bryndís Hafþórsdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Svalbarðsstrandarhreppur.

Fjárhæðir krafna í kr.: 155.369.

2021005534)

Heiti eignar: Melasiða 2,

Akureyri.

Fastanr.: 2149056.

Gerðarþoli (-ar): Verdicta slf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn á Suðurlandi.

Fjárhæðir krafna í kr.: 1.579.367.

2021005543)

Heiti eignar: Reynivellir 6,

Akureyri.

Fastanr.: 2149986.

Gerðarþoli (-ar): Hörður Már Kristjánsson og Ingibjörg María Símonardóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Akureyrarbær.

Fjárhæðir krafna í kr.: 313.729.

2021005538)

Heiti eignar: Skútagil 7,

Akureyri.

Fastanr.: 2217774.

Gerðarþoli (-ar): Gréta Björg Grétarsdóttir og Gunnar Rafnsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Akureyrarbær.

Fjárhæðir krafna í kr.: 210.585.

2021005537)

Sýslumaðurinn á Norðurlandi
eystra,

8. mars 2021.

Halla Einarsdóttir ftr.

(2021005532)

Útgáfud.: 15. mars 2021

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26, 3. hæð, Reykjavík á neðangreindum tíma.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 28. júní 2017 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta og Guðmundur Ingvi Sigurðsson skipaður skiptastjóri í búinu. Skiptum lauk þann 22. september 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991. Skiptin voru endurupptekin þann 1. mars 2021 með vísan til 164. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. í ljósi þess að fram kom inneign á bankareikningi hjá Íslandsbanka. Þar sem fjárhæðin er óveruleg og ekki er að vænta frekari eigna til ráðstöfunar gerir skiptastjóri ráð fyrir að ljúka skiptum á fundinum með greiðslu til ríkissjóð, að fráðregnum skiptakostnaði, sbr. heimild þess efnis í 164. gr. gþl.

Þrotabúi, nafn:

SPW ehf.,

kt. 530910-0590,

síðasta heimilisfang:

Kirkjusandi 2, Reykjavík

Skiptafundur:

25. mars 2021,

kl. 11.30

Reykjavík, 11. mars 2021.

F.h. Guðmundar Ingva
Sigurðssonar lögmanns,
Kara Borg Fannarsdóttir
lögmaður.

(2021005666)

Útgáfud.: 16. mars 2021

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:

Orange Project ehf.,
kt. 440614-1240,
Ármúla 6, Reykjavík

Skiptafundur:

25. mars 2021,
kl. 10.00

Reykjavík, 11. mars 2021.
F.h. Ásgeirs Þórs Árnasonar
hrl.,
Sunna Magnúsdóttir
lögmaður.

(2021005703

Útgáfud.: 18. mars 2021

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ingólfsstræti 3, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:

Goodfood ehf.,
kt. 490518-1420,
Dalbraut 6, Laugarvatni

Skiptafundur:

26. mars 2021,
kl. 09.00

Reykjavík, 16. mars 2021.
Trausti Ágúst
Hermannsson lögmaður.

(2021006101

Útgáfud.: 11. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 8. desember 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. mars 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Mannafl - Liðsauki ehf.,
kt. 560209-0450,
Ármúla 13, Reykjavík

Lýstar kröfur:

3.343.628 kr.

Reykjavík, 8. mars 2021.

Berglind Svavarsdóttir hrl.

(2021005466

Útgáfud.: 11. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 23. september 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 8. janúar 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

BB 104 ehf.,
kt. 670409-0900,

Lýstar kröfur:

Alls námu lýstar kröfur kr.
17.533.845 auk áfallinna
vaxta og kostnaðar eftir
úrskurðardag
gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 2. mars 2021.

Hjörtur Örn Eysteinnson
lögmaður.

(2021005467

Útgáfud.: 12. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. febrúar 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

FogM ehf.,
kt. 530818-0710,
Birkiholti 6, Garðabæ

Lýstar kröfur:

kr. 19.220.454

Reykjavík, 3. mars 2021.

Guðrún Björg Birgisdóttir
hrl.

(2021005547

Útgáfud.: 12. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 4. júní 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 24. febrúar 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Hrafnholt ehf.,
kt. 520318-0620,
Móberg 4, Hafnarfirði

kr. 7.866.945

Kópavogi, 25. febrúar 2021.

Ragnar Baldursson
lögmaður.

(2021005548

Útgáfud.: 12. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 16. desember 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 8. mars 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

101 BC ehf.,
kt. 490410-1200,
Hverfisgötu 105, Reykjavík

kr. 34.600.477

Reykjavík, 8. mars 2021.

Karólína Finnbjörnsdóttir
lögmaður.

(2021005553

Útgáfud.: 12. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 9. maí 2019 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 10. mars 2021.

Skiptum lauk með úthlutunargerð úr þrotabúinu skv. 2. mgr. 160 gr. laga nr. 21/1991 sem samþykkt var á skiptafundi 10. mars 2021. Búskrófur skv. 110. gr. gbl. að fjárhæð kr. 350.000 og veðkröfur skv. 111. gr. gbl. að fjárhæð kr. 13.496.328 greiddust að fullu. Upp í forgangskrófur skv. 112. gr. gbl. greiddust samtals kr. 1.897.318 eða 36,5%. Ekkert fékkst greitt upp í almennar og eftirstæðar kröfur.

Nafn bús:

Grindslov ehf.,
kt. 561215-0730,
Buðlungu, Grindavík

Lýstar kröfur:

kr. 53.313.496

Reykjavík, 10. mars 2021.

Birgir Már Björnsson hrl.

(2021005563

Útgáfud.: 15. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 11. september 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 18. desember 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Ólafur B. Ólafsson,
kt. 170300-2540,
Eyrarflöt 6, Akranesi

Lýstar kröfur:

Skv. 113. gr., kr. 2.833.661,
skv. 114. gr., kr. 19.880.

Borgnesi, 11. mars 2021.

Lilja Björg Ágústsdóttir
lögmaður.

(2021005667

Útgáfud.: 15. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 14. desember 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. mars 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Heilsueyjan ehf.,
kt. 550517-0940,
Vesturvegi
Vestmannaeyjum

Lýstar kröfur:

kr. 10.385.070

10,

Vestmannaeyjum, 5. mars
2021.

Aníta Óðinsdóttir
lögmaður.

(2021005670

Útgáfud.: 15. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 22. febrúar 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

BogS ehf.,
kt. 491117-0870,

kr. 13.717.294

Kópavogi, 22. febrúar 2021.

Eiríkur Gunnsteinsson hrl.

(2021005671)

Útgáfud.: 15. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 16. apríl 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. febrúar 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Honter Einangrunarlausnir kr. 44.766.252
ehf.,
kt. 420209-0960,
Skemmuvegi 4, Kópavogi

Reykjavík, 26. febrúar 2021.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

(2021005672)

Útgáfud.: 15. mars 2021

Gjaldþrotaúrskurður felldur úr gildi

Úrskurður um töku bús Bóbó Investment ehf., kt. 510418-3440 til gjaldþrotaskipta felldur úr gildi.

Samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjaness í málinu I-529/2021 var fallist á kröfu sóknaraðila um að málið G-9/2021 verði endurupptekið og réttaráhrif úrskurðarins frá 11. febrúar 2021 um töku bús Bóbó Investment ehf. til gjaldþrotaskipta felld niður.

Reykjavík, 9. mars 2021.

Björn Þór Karlsson lögmaður.

(2021005673)

Útgáfud.: 15. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 11. apríl 2019 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 4. mars 2021.

Nafn bús:

Stórfint ehf.,
kt. 550917-0680,
Dalshrauni 17, Hafnarfirði

Lýstar kröfur:

Lýstar kröfur voru alls kr. 75.185.794. Skiptarygging var endurgreidd að fullu. Skiptakostnaður greiddist að fullu. Búskröfur skv. 110. l. 21/1991 greiddust að fullu. Forgangskröfur skv. 112. gr. l. 21/1991 voru samþykktar með kr. 2.133.713 og greiddust að fullu. Upp í almennar kröfur að upphæð kr. 72.932.302 greiddust kr. 800.000 eða 1.0969 %

Reykjavík, 4. mars 2021.

Jón G. Briem hrl.

(2021005674)

Útgáfud.: 16. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. nóvember 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 9. mars 2021.

Forgangskröfur skv. 110. gr. GþL. að fjárhæð alls kr. 2.086.170 fengust greiddar að fullu við skiptin. Þá fengust alls kr. 954.634 greiddar upp í forgangskröfur skv. 112. gr. GþL sem voru alls að fjárhæð kr. 2.146.174. Ekkert fékkst greitt upp í almennar kröfur skv. 113. gr. GþL sem voru alls að fjárhæð kr. 8.733.112 eða eftirstæðar kröfur skv. 114. gr. GþL sem voru alls að fjárhæð kr. 136.940

Nafn bús:

I.Magnússon ehf.,
kt. 510588-2589,
Grandagarði 9, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 13.102.396

Reykjavík, 9. mars 2021.

F.h. Sigurvins Ólafssonar lögmanns,

**Kolbrún Arnardóttir
lögmaður.**

(2021005697

Útgáfud.: 16. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 16. september 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 8. mars 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

G.Þ.Ó. húsasmíði ehf.,
kt. 630206-1380,
Selási E1, Rangárþingi ytra

kr. 20.903.952

Reykjavík, 9. mars 2021.
F.h. Óskars Sigurðssonar hrl.,
Þórhallur Bergmann hdl.

(2021005698

Útgáfud.: 16. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. apríl 2019 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 8. júlí 2019 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Friðrik Ottó Friðriksson,
kt. 121273-4039,

kr. 12.313.076

Reykjavík, 11. mars 2021.
Einar Brynjarsson
lögmaður.

(2021005704

Útgáfud.: 16. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 14. október 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 28. janúar 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Við Faxa ehf.,
kt. 520313-0360,
Heiði, Bláskógabyggð

kr. 3.602.132

Selfossi, 8. mars 2021.

Jónína Guðmundsdóttir
lögmaður.

(2021005705

Útgáfud.: 16. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 13. maí 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 10. mars 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Bara gaman ehf.,
kt. 510213-0170,
Austurstræti 3, Reykjavík

kr. 41.338.874

Reykjavík, 10. mars 2021.

Auður Björg Jónsdóttir hrl.

(2021005706

Útgáfud.: 16. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. nóvember 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Af lýstum kröfum skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 voru samþykktar kr. 2.528.467.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 3. mars 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

KR byggingar ehf. (síðar Kröfur skv. 112. gr. kr. breytt í 102020 ehf.),
kt. 620319-0660,
Höfðabakka 9b, Reykjavík

3.081.727. Kröfur skv. 113.
gr. kr. 10.021.835

Reykjavík, 5. mars 2021.
Kristján Þorbergsson hrl.
(2021005707

Útgáfud.: 16. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. nóvember 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Af lýstum kröfum skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 voru samþykktar kr. 274.077.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 3. mars 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
K7077 ehf., kt. 540317-1270, Síðumúla 12, Reykjavík	Kröfur skv. 112. gr. kr. 274.077. Kröfur skv. 113. gr. kr. 69.015.366

Reykjavík, 5. mars 2021.
Kristján Þorbergsson hrl.
(2021005708

Útgáfud.: 17. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 10. mars 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
Langhóll ehf., kt. 410300-2730, Norðurhópi 42, Grindavík	kr. 32.065.948

Reykjavík, 11. mars 2021.
Guðrún Björg Birgisdóttir hrl.
(2021005728

Útgáfud.: 17. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 4. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 27. október 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
Þursatak ehf., kt. 600117-1490, Heiðarási 10, Reykjavík	kr. 16.457.707

Reykjavík, 11. mars 2021.
Guðrún Björg Birgisdóttir hrl.

(2021005729

Útgáfud.: 17. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 10. desember 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. mars 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
Jón Steindórsson, kt. 130655-3869, Digranesheiði 31, Kópavogi	kr. 33.686.636

Reykjavík, 12. mars 2021.
Kara Borg Fannarsdóttir lögmaður.

(2021005749

Útgáfud.: 18. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 15. nóvember 2017 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 12. mars 2021 samkvæmt 154. gr. laga nr. 21/1991 með því að allar lýstar kröfur voru afturkallaðar.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
	kr. 15.425.015

Saltverk Reykjaness ehf.,
kt. 560306-0910,
Kirkjustétt 6, Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2021.

F.h. Ásgeirs Þórs Árnasonar
hrl.,

Sunna Magnúsdóttir
lögmaður.

(2021006103)

Útgáfud.: 15. mars 2021

Auglýsing um skipulag - Hveragerðisbær

Tvær tillögur að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 og tvær tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Hveragerði.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 11. mars sl. að auglýsa eftirtaldir tvær breytingartillögur að aðalskipulagi Hveragerðisbæjar skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og eftirtalda tvær breytingartillögur að deiliskipulagi skv. 43. gr. sömu laga:

Hlíðarhagi, þétting byggðar, breyting á aðal- og deiliskipulagi.

Um er að ræða tillögu að breytingu á aðalskipulagi, sem nær til 1,8ha. svæðis fyrir íbúðarbyggð ÍB5 og afmarkast til vesturs af Hamrinum, til norðurs af opnu svæði, til vesturs af Breiðumörk og til suðurs að íbúðarbyggð við Laufskóga. Breytingartillagan felur í sér að þéttleiki byggðar á svæðinu fer úr 15 íbúðum/ha. í 25 íbúðir/ha. með áherslu á lítill fjölbýli og raðhús. Meginmarkið tillögunnar er að nýta svæðið betur með litlum og millistórum íbúðum í góðum tengslum við aðliggjandi byggð, útivistarsvæði og þjónustu.

Samhliða auglýsingu á ofangreindri tillögu að breytingu á aðalskipulagi svæðisins er jafnframt auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi svæðisins, til samræmis við aðalskipulagstillöguna.

NLFÍ og Heilsustofnun NLFÍ, öflug samfélagsþjónusta og nýtt íbúðarsvæði, breyting á aðalskipulagi.

Um er að ræða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem nær til 11,7ha. svæðis, sem Náttúrulækningafélag Íslands hefur til umráða og afmarkast til suðvesturs af Þelamörk og íbúðarbyggð við Lækjarbrún, til norðvesturs af Grænumörk og opnu svæði á Fagrahvammsstúni, til norðausturs af strandsvæði meðfram Varmá og til suðausturs af fyrirhugaðri íbúðarbyggð við Hólmabrún. Skv. gildandi aðalskipulagi eru tveir landnotkunarreitir á svæðinu, S8-Samfélagsþjónusta og VP6-verslun-og þjónusta. Breytingartillagan felur í sér nýjan 2,8 ha. landnotkunarreit fyrir íbúðarbyggð ÍB14, sem staðsettur er við Þelamörk á milli Lækjarbrúnar og Hólmabrúnar. Sá hluti VP6 reitsins, sem eftir stendur, rennur saman við S8 reitinn. Meginmarkmið tillögunnar er að skapa betri grundvöll til frekari uppbyggingar á starfsemi Heilsustofnunar NLFÍ og þjónustu tengdri henni og þétting íbúðarbyggðar.

Deiliskipulag við Varmá, frá Lystigarðinum Fossflöt og norður fyrir Friðarstaði.

Um er að ræða tillögu að breytingu á deiliskipulagi svæðis sem nær til 11 ha. svæðis meðfram Varmá, sem afmarkast til suðurs af Lystigarðinum Fossflöt, til vesturs af götunni Breiðumörk, til norðurs af opnu svæði norðan Friðarstaða og til austurs af Varmá. Í gildi eru tvær deiliskipulagsáætlanir sem ná til hluta svæðisins, deiliskipulag Friðarstaða og deiliskipulag Hverhamars og Hverahvams, sem falla úr gildi við gildistöku breytingartillögunnar. Breytingartillagan felur m.a. í sér nýjar lóðir fyrir ferðatengda þjónustu, gróðurhús og nýjar íbúðarlóðir. Meginmarkmið tillögunnar er að skapa grundvöll fyrir uppbyggingu ferða- og heilsutengdrar þjónustu og skapa gott aðgengi að Varmá með gerð góðra göngustíga og áningarsvæða.

Breytingartillögunnar fjórar liggja frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 og eru auk þess aðgengilegar á heimasíðu Hveragerðisbæjar www.hveragerdi.is Jafnframt verður tillaga að deiliskipulagi við Varmá til sýnis í verslunarmiðstöðinni Sunnumörk.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunnar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar í síðasta lagi mánudaginn 3. maí 2021, annaðhvort á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða á netfangið gfb@hveragerdi.is.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar.

(2021005658)

Útgáfud.: 16. mars 2021

Auglýsing um skipulag - Eyjafjarðarsveit

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 - tillaga að breytingu vegna efnistöku og veltenginga
Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 5. nóvember 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að veltenging Hrafnagilshverfis við nýja Eyjafjarðarbraut er færð inn á skipulagsuppdrátt, skilmálum efnistöku í Eyjafjarðará breytt og ný efnistökusvæði við Kropp og við Reykhús færð inn í aðalskipulag.

Skipulagsbreytingin nær til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum efnistökkunnar í skipulagstillögunni.

Skipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu mun liggja frammi á sveitarskrifstofu Eyjafjarðarsveitar milli 16. mars og 27. apríl 2021 og verður einnig á heimasíðu sveitarfélagsins esveit.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillöguna til þriðjudagsins 27. apríl 2021. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is eða í bréfpósti stílað á

Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9 Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri.

Skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2021005701

Útgáfud.: 17. mars 2021

Auglýsing um skipulag - Hafnarfjörður

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar auglýsir hér með tillögu að breyttu deiliskipulagi Skarðshlíðar 3. áfanga er nær til lóða við Stuðlaskarð 8, 10 og 12 í samræmi við 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga.

Tillagan gerir ráð fyrir einnar hæða húsi með fjórum íbúðum. Hámarkshæð húsa verður 5 m. Heimilt verði að byggja stakstæða geymslu innan byggingarreits. 5-6 bílastæði verða innan lóðar þar af eitt fyrir hreyfihamlaða. Búndin byggingarlína er felld úr gildi. Að öðru leyti gildir greinagerð deiliskipulags Skarðshlíðar 3. áfanga.

Breytingartillagan verður til sýnis á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, frá 17. mars nk.

Auk þess er hægt að skoða tillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is undir íbúar/skipulag í kynningu.

Nánari upplýsingar eru veittar á Umhverfis- og skipulagssviði.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna. Skal þeim skilað skriflega á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eigi síðar en 28. apríl 2021 eða stílaðar á: Hafnarfjarðarkaupstaður, bt. umhverfis- og skipulagssviðs, Norðurhelli 2, 221 Hafnarfirði.

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar.

(2021005710

Útgáfud.: 17. mars 2021

Auglýsing um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna Suðurnesjalínu II

Í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 veitti Hafnarfjarðarbær, þann 26. febrúar 2021, Landsneti hf. framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu II, eins og fyrirhuguð lega hennar er innan sveitarfélagsmarka Hafnarfjarðar. Alit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, skv. ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, liggur fyrir í áliti Skipulagsstofnunar frá 22. apríl 2020.

Skilyrðum fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis vegna Suðurnesjalínu II í lögsögu Hafnarfjarðar samkvæmt 11. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er því fullnægt.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 12.01.2021 framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu II með m.a. eftirfarandi bókun:

“Það er álit skipulags- og byggingarráðs að sú málsmeðferð sem farið hefur fram við undirbúning framkvæmdarinnar hafi leitt fram það rask á eldhraunum og tengdum jarðmyndunum sem brýn nauðsyn ber til í ljósi markmiða framkvæmdar.

Lagaskilyrði eru til útgáfu umsóttis framkvæmdaleyfis, sbr. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að umsókn Landsnets hf. vegna Suðurnesjalínu 2 verði samþykkt og jafnframt verði skipulagsfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.”

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfesti samþykkt skipulags- og byggingarráðs á fundi sínum þann 3. febrúar 2021.

Framkvæmdaleyfið og tengd gögn má nálgast á heimasíðu Hafnarfjarðar.

Með vísan til 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er þeim, sem telja sig eiga lögvarðra hagsmuna að gæta, heimilt að kæra útgáfu framkvæmdaleyfisins innan mánaðar frá birtingu auglýsingar þar að lútandi í Lögbirtingablaðinu. Fyrirhuguð birting auglýsingarinnar er 17. mars nk.

Kæru skal senda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, sjá nánar heimasíðu nefndarinnar uua.is.

Skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar.

(2021005711

Útgáfud.: 17. mars 2021

Auglýsing um skipulag - Bolungarvík

Deiliskipulag fyrir Bolafjall.

Utanríkisráðuneytið og Bolungarvíkurkaupstaður auglýsa tillögu að deiliskipulagi Bolafjalls í samræmi við 41. gr. skipulagslaga. Um er að ræða svæði sem nær til 11,5 hektara svæðis á Bolafjalli. Innan þess svæðis er einnig lóð ratsjár- og fjarskiptastöðvar Atlantshafsbandalagsins sem rekin er af Landhelgisgæslu Íslands og skilgreind sem öryggissvæði.

Tillagan er aðgengileg á heimasíðu Bolungarvíkur, www.bolungarvik.is, frá 17. mars 2021 og með athugasemdafresti til 28. apríl 2021. Deiliskipulagstillagan verður einnig aðgengileg á Samráðsgátt stjórnvalda, www.samradsgatt.is, frá og með 17. mars 2021.

Skila skal skriflegum athugasemdum og/eða ábendingum til Bolungarvíkurkaupstaðar, bt. Finnþega Bjarnasonar, Aðalstræti 10-12, 415 Bolungarvík eða á netfangið finnbogi@bolungarvik.is.

Bolungarvík, 17. mars 2021.

Finnþega Bjarnason.

(2021005758

Útgáfud.: 15. mars 2021

Auglýsing um veitingu starfsleyfis sem endurskoðunarfyrirtæki

Með vísan til 7. mgr. 4. gr., sbr. 8. mgr. 5. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, tilkynnist hér með að endurskoðendaráð veitti þann 4. mars 2021 félaginu Endurskoðun, Skattur & Bókhalð ehf., kt. 480302-3110, Huldahlíð 10, Mosfellsbæ, starfsleyfi sem endurskoðunarfyrirtæki skv. lögum nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun.

Númer starfsleyfis Endurskoðunar, Skatts & Bókhalds ehf. er EF-2021-002.

Endurskoðendaráð,
10. mars 2021.

(2021005659)

Útgáfud.: 15. mars 2021

Auglýsing um veitingu starfsleyfis sem endurskoðunarfyrirtæki

Með vísan til 7. mgr. 4. gr., sbr. 8. mgr. 5. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, tilkynnist hér með að endurskoðendaráð veitti þann 4. mars 2021 Birtu endurskoðun slf., kt. 530820-0170, Höfðabakka 9, Reykjavík, starfsleyfi sem endurskoðunarfyrirtæki skv. lögum nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun.

Númer starfsleyfis Birtu endurskoðunar slf. er EF-2021-003.

Endurskoðendaráð,
10. mars 2021.

(2021005660)

Útgáfud.: 15. mars 2021

Auglýsing um veitingu starfsleyfis sem endurskoðunarfyrirtæki

Með vísan til 7. mgr. 4. gr., sbr. 8. mgr. 5. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, tilkynnist hér með að endurskoðendaráð veitti þann 26. febrúar 2021 Kapital ráðgjöf ehf., kt. 591120-1070, Flókagötu 65, Reykjavík, starfsleyfi sem endurskoðunarfyrirtæki skv. lögum nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun.

Númer starfsleyfis Kapital ráðgjafar ehf. er EF-2021-001.

Endurskoðendaráð,
10. mars 2021.

(2021005662)

Útgáfud.: 17. mars 2021

Stefna - til greiðslu skuldar

Lánasjóður íslenskra námsmanna,
kt. 710169-0989,

Borgartúni 21, Reykjavík,

gerir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Hreinn Ingi Jónasson, kt. 240490-3749, heimilisfang óþekkt, Svíþjóð.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 4.085.391, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 132.190 frá 30. júní 2018 til 1. mars 2019, af kr. 268.677 frá 1. mars 2019 til 1. september 2019, af kr. 432.231 frá 1. september 2019 til 17. febrúar 2020, af kr. 4.085.391 frá 17. febrúar 2020 til greiðsludags. Allt að fráðreginni innborgun dags. 2. júlí 2018 kr. 66.425, sem dragast skal frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi. Kröfunúmer: 1016-006197.

Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmáður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfsstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfraða máls þessa er tilkomin vegna námsláns stefnda, sem hann fékk greitt út hjá stefnanda á árinu 2016. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna gaf stefndiaf því tilefni út skuldabréf nr. G-469297 þann 13. nóvember 2015 þar sem Ólafur Bjarni Bjarnason undirritaði skilmála lánsins, í umboði stefnda, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 1% samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 478/2011 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, það er lokun skuldabréfsins sem í því tilviki sem hér um ræðir var þann 29. júní 2016. Jafnframt veitti stefndi stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við lokun þess, í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæð umrædds láns 3.632.473 krónum miðað við grunnvísitölu 433,7.

Um endurgreiðslu á láninu fer samkvæmt fyrrgreindum lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Árleg endurgreiðsla lánsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst árgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs og hins vegar er tekjutengd árgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af tekjustofnilánþega árið á undan, að fráðreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 30. júní 2018 en afborganir

lánsins hafa verið í vanskilum frá samadegi. Samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu, og svo sem leiðir af lögum nr. 21/1992 og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 17. janúar 2020 vegna verulegra vanskila stefnda en þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 432.231 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 3.653.160 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag 472,8 og 1% vexti.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:
Gjaldfallin afborgun dags. 30. júní 2018 kr. 132.190.
Gjaldfallin afborgun Dags. 1. mars 2019 kr. 136.487.
Gjaldfallin afborgun Dags. 1. september 2019 kr. 163.554.
Samtals kr. 432.231.
Gjaldfallnar eftirstöðvar kr. 3.653.160.
Samtals kr. 4.085.391.

Inn á skuldina hefur verið greidd innborgun að fjárhæð 66.425 krónur og hefur verið tekið tillit til innborgunar í dómkröfu. Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið frekari árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi er samkvæmt upplýsingum úr Þjóðskrá Íslands með lögheimili í Svíþjóð. Reynt hefur verið að birta umrædda stefnu tvisvar sinnum fyrir stefnda. Í fyrra skiptið í máli sem þingfesta átti þann 17.09.2020 en birtingin reyndist árangurslaus þar sem stefndi virtist ekki búa á umræddu heimilisfangi. Stefnandi fékk upplýsingar um að stefndi hefði skipt um lögheimili í Svíþjóð og var ákveðið að höfða aftur mál á hendur stefnda sem þingfesta átti þann 10.12.2020. Sú birting reyndist einnig árangurslaus þar sem stefndi bjó ekki á uppgefnu heimilisfangi og ekki var vitað um annað heimilisfang hans í Svíþjóð. Að öllu framangreindur virtu á stefnandi því ekki annan kost en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hefur hlotist hlýst af þýðingu stefnunnar vegna birtingar hennar á hendur stefnda Hreini í Svíþjóð auk kostnaðar af stefnubirtingu í Lögbirtingarblaði. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sem og til viðeigandi reglugerða og úthlutunarreglna settra á grundvelli laganna. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

Stefna.

Skrá.

Frumrit skuldabréfs nr. G-469297.

Umboð.

Yfirlit yfir útborganir lánsins.

Tilkynning um lokun skuldabréfs.

Yfirlit yfir greiðslustöðu láns.

Yfirlit yfir eftirstöðvar láns.

Innheimtuviðvörðun.

Innheimtubréf.

Tilkynning um gjaldfellingu lánsins.

Reikningur vegna þýðingar á stefnu.

Yfirlit um kostnað vegna birtinga á stefnu í Lögbirtingablaði.

Gögn um árangurslausa birtingu í Svíþjóð frá sýslumanninum á Suðurnesjum dags. 31. ágúst 2020.

Gögn um árangurslausa birtingu í Svíþjóð frá sýslumanninum á Suðurnesjum dags. 11. nóvember 2020.

Útrentun úr Þjóðskrá Íslands.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefnda tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Hér með stefnist því stefndu til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 20. maí 2021, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 19. febrúar 2021.

F. h. Sigurbjörns Magnússonar lögmanns,

Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2021005720

Útgáfud.: 17. mars 2021

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 15. mars 2021 í málinu L-617/2021 var Hrafnhildur Gísladóttir, kt. 111184-2839, svipt fjárræði tímabundið í fimm ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði, 15. mars 2021.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari.

(2021005709

Útgáfud.: 19. mars 2021

Áskorun - ferðaskrifstofuleyfi fellt úr gildi

Ferðaskrifstofuleyfi félagsins UFS Tourism ehf, kt. 520314-0750, Tjarnarbraut 24, Reykjanesbæ hefur verið fellt úr gildi þar sem félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota.

Starfsemi ferðaskrifstofunnar var tryggingaskyld vegna sölu pakkaferðar og samtengdrar ferðatilhögunar samkvæmt VII. kafla laga nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.

Samkvæmt 25. gr. er tryggingunni ætlað að endurgreiða fé sem viðskiptavinur hefur greitt vegna pakkaferðar eða samtengdrar ferðatilhögunar.

Með vísan til 27. gr. er hér með skorað á þá viðskiptavini fyrirtækisins, sem telja sig eiga kröfu á hendur því, sbr. ofangreint, að leggja fram skriflegar kröfulýsingar í tryggingarféð fyrir 4. maí nk.

Kröfulýsingu skal senda inn rafrænt í gegnum Ísland.is. Undir þjónustuflokknum *Vegabréf, ferðalög og búseta erlendis* er að finna sérstakt form sem þarf að fylla út. Með kröfulýsingu skulu fylgja fullnægjandi gögn til sönnunar um kröfuna, svo sem lýsingu á ferð, kvittanir fyrir greiðslu eða millifærslu. Ef kröfuhafi hefur ekki íslenska kennitölu skal senda formlega kröfu á krofur@ferdamalastofa.is. Nánari upplýsingar á ensku má finna á vef Ferðamálastofu.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 535 5500, á netspjalli stofnunarinnar eða á netfanginu krofur@ferdamalastofa.is.

Ferðamálastofa.

(2021006114

Útgáfud.: 19. mars 2021

Áskorun - Ferðaskrifstofuleyfi fellt úr gildi

Ferðaskrifstofuleyfi ferðaskrifstofunnar Iceland Trout Adventure ehf., kt. 531113-0470, Hafnarstræti 3, Akureyri, hefur verið fellt úr gildi af hálfu Ferðamálastofu.

Starfsemi ferðaskrifstofunnar var tryggingaskyld vegna sölu pakkaferðar og samtengdrar ferðatilhögunar samkvæmt VII. kafla laga nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.

Samkvæmt 25. gr. er tryggingunni ætlað að endurgreiða fé sem viðskiptavinur hefur greitt vegna pakkaferðar eða samtengdrar ferðatilhögunar.

Með vísan til 27. gr. er hér með skorað á þá viðskiptavini fyrirtækisins, sem telja sig eiga kröfu á hendur því, sbr. ofangreint, að leggja fram skriflegar kröfulýsingar í tryggingarféð innan 60 daga frá birtingu áskorunar þessarar. Kröfulýsingu skal senda inn rafrænt í gegnum Ísland.is. Undir þjónustuflokknum *Vegabréf, ferðalög og búseta erlendis* er að finna sérstakt form sem þarf að fylla út. Með kröfulýsingu skulu fylgja fullnægjandi gögn til sönnunar um kröfuna, svo sem lýsingu á ferð, kvittanir fyrir greiðslu eða millifærslu. Ef kröfuhafi hefur ekki íslenska kennitölu skal

senda formlega kröfu á krofur@ferdamalastofa.is. Nánari upplýsingar á ensku má finna á vef Ferðamálastofu. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 535 5500, á netspjalli stofnunarinnar eða á netfanginu krofur@ferdamalastofa.is.

Ferðamálastofa.

(2021006118

Útgáfud.: 22. mars 2021

Dómsbirting

Árið 2020, fimmtudaginn 17. september, er á dómþingi Héraðsdóms Norðurlands vestra, sem háð er að Skagfirðingabraut 21, Sauðárkróki, kveðinn upp í máli nr. S-84/2020, Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra gegn Heiðu Mjöll Gunnarsdóttur, svofelldur dómur:

Dómsorð:

Ákærða, Heiða Mjöll Gunnarsdóttir, greiði 800.000 króna sekt til ríkissjóðs en 36 daga fangelsi komi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna. Ákærða er svipt ökurétti í fimm ár frá 17. desember 2019. Ákærða greiði sakarkostnað að fjárhæð 300.706 krónur. Upptæk eru 28,24 g maríuhúana, sbr. efnaskrá lögreglu nr. 42277.

Halldór Halldórsson.

Þar sem ekki hefur tekist að birta dómfelldu, Heiðu Mjöll Gunnarsdóttur, kt. 200192-3469, ofangreindan dóm, er hann nú birtur í Lögbirtingablaðinu með vísan til 3. mgr. 156. gr. sbr. 3. mgr. 185. gr. sakamálalaga nr. 88/2008.

Skrifstofu lögreglustjórans á Norðurlandi vestra, 17. mars 2021.

Sigurður Hólmur Kristjánsson aðstoðarsaksóknari.

(2021006264

Útgáfud.: 22. mars 2021

Dómsbirting

Árið 2021, mánudaginn 15. mars, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, kveðinn upp í máli nr. S-143/2021, ákærvaldið gegn Gazmir Velíu, svofelldur dómur:

Dómsorð:

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 52, Reykjavík á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:

Fyrirtækjasala Íslands ehf.,
kt. 480197-2329,

Skiptafundur:

7. apríl 2021,
kl. 09.00

Reykjavík, 18. mars 2021.

Sara Pálsdóttir lögmaður.

(2021006305

Útgáfud.: 18. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 15. október 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta.

Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 8. mars 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Tímaferðir ehf. (áður Tími kr. 56.117.482 ehf.),
kt. 470803-2580,

Lýstar kröfur:

Reykjavík, 15. mars 2021.

F.h. Haraldar Flosa
Tryggvasonar lögmanns,
Emma Adolfsdóttir.

(2021006102

Útgáfud.: 22. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 24. júní 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 12. mars 2021.

Frumvarp til úthlutunnar lá frammi í tvær vikur fyrir skiptafund á skrifstofu skiptastjóra til sýnis fyrir kröfuhafa og aðra sem áttu lögvarinna hagsmuna að gæta. Engin andmæli komu fram gegn frumvarpinu. . Samtals var lýst kröfum að fjárhæð kr. 87.994.128. Þar af forgangskröfum skv. 112. gr. gbl. að fjárhæð kr. 3.133.376 og veðkröfum að fjárhæð kr. 72.606.706. Upp í veðkröfur fengust 34,10% upp í aðrar kröfur fékkst ekkert.

Nafn bús:

Fiskmark ehf.,
kt. 440294-2359,
Hafnarskeiði 21, Þorlákshöfn

Lýstar kröfur:

kr. 87.994.128

Selfossi, 16. mars 2021.

Ólafur Björnsson hrl.

(2021006277

Útgáfud.: 22. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 21. október 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 11. janúar 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

ABERS ehf. (áður Labore kr. 49.506.356 ehf.),
kt. 671117-0690,

Reykjavík, 16. mars 2021.

Kjartan Ragnars lögmaður.

(2021006280

Útgáfud.: 22. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 21. október 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 11. janúar 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

Rabbabarin minn ehf., kr. 7.339.977
kt. 610515-0100,

Reykjavík, 16. mars 2021.

Kjartan Ragnars lögmaður.

(2021006281

Útgáfud.: 22. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 5. september 2018 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Samtals var lýst kröfum að fjárhæð kr. 13.445.335 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta, engum forgangskröfum skv. 112. gr. gpl. var lýst.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 9. mars 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

Skúli Sigurðsson, kr. 13.445.335
kt. 190855-3179,
Iðu 2, 801 Selfossi

Selfossi, 16. mars 2021.

**Steinunn Erla
Kolbeinsdóttir hdl.**

(2021006282

Útgáfud.: 22. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 4. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 20. maí 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

Thailand ehf., kr. 4.089.519
kt. 711005-0130,
Krummahólum 8, Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2021.

**Guðmundur Narfi
Magnússon lögmaður.**

(2021006285

Útgáfud.: 22. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 13. apríl 2016 var neðangreint dánarbú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í dánarbúinu.

Skiptum á búinu var lokið 28. janúar 2021.

Undirritaður lögmaður var skipaður skiptastjóri við endurupptöku málsins þann 29. nóvember 2019.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

Kristjana Eggertsdóttir,
kt. 251123-2099,
Boðagrandi 2, Reykjavík

Hafnarfirði, 4. mars 2021.

**Ásta Guðrún Beck
lögmaður.**

(2021006289

Útgáfud.: 22. mars 2021

Skiptalok afturkölluð

Tilkynning um skiptalok í þrotabúi Fabio Passaro, kt. 090983-5639, sem birtist 2. mars sl. er hér með afturkölluð.

Hulda Guðný Kjartansdóttir hdl., skiptastjóri.

(2021006290

Útgáfud.: 18. mars 2021

Auglýsing um skipulag - Múlaþing

Tillaga að deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð við Garðarsveg á Seyðisfirði.

Sveitarstjórn Múlaþings auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð við Garðarsveg á Seyðisfirði, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, í samræmi við ákvörðun heimastjórnar Seyðisfjarðar frá 15. mars 2021.

Tillagan er auglýst að nýju vegna smávægilegra breytinga á skipulagsupprætti og greinargerð.

Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir 9 lóðum fyrir raðhús og parhús á 1-2 hæðum á 1,8 ha svæði sem notað er sem íþróttavöllur í dag. Meginmarkmið með deiliskipulaginu er að þetta byggð innan Seyðisfjarðar og jafnframt að mæta þörf fyrir fjölbreytt úrval byggingarlóða. Umhverfisáhrif tillögunnar eru metin óveruleg. Nánari skilmálar varðandi tillöguna eru settir fram í greinargerð á skipulagsupprætti fyrir svæðið.

Tillagan mun liggja frammi á skrifstofum Múlaþings, Lyngási 12, Egilsstöðum og Hafnargötu 44, Seyðisfirði frá og með 19. mars nk. til 30. apríl 2021 og á heimasíðu Múlaþings á sama tíma.

Miðvikudaginn 24. mars klukkan 17 verður jafnframt efnt til rafræns kynningarfundar um skipulagstillöguna. Fundinum verður streymt á Facebook síðu Múlaþings.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir skulu sendar til skipulagsfulltrúa Múlaþings, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum eða á netfangið skipulagsfulltrui@mulathing.is.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til föstudagsins 30. apríl 2021.

Hver sá, sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest, telst samþykktur henni.

Skipulagsfulltrúi Múlaþings.

(2021006093

Útgáfud.: 18. mars 2021

Auglýsing um skipulag - Múlaþing

Skipulagsmál á Djúpavogi.

Sveitarstjórn Múlaþings samþykkti á fundi sínum þann 10. mars sl. að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020. Breytingin er auglýst í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur í sér stækkun á athafnasvæði við Háukletta.

Samhliða er auglýst tillaga að deiliskipulagi fyrir Innri-Gleðivík, uppbygging á athafnasvæði við Háukletta, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan er auglýst að nýju vegna smávægilegra breytinga á aðalskipulagsupprætti.

Hægt er að nálgast tillögurnar á heimasíðu Múlaþings, www.mulathing.is og á skrifstofum sveitarfélagsins að Lyngási 12, Egilsstöðum og Bakka 1, Djúpavogi.

Almenningi er gefinn kostur á að senda inn ábendingar og/eða athugasemdir til skipulagsfulltrúa Múlaþings, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum eða á netfangið skipulagsfulltrui@mulathing.is til og með 30. apríl 2021.

Skipulagsfulltrúi Múlaþings,
Sigurður Jónsson.

(2021006094

Útgáfud.: 18. mars 2021

Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Hornafjörður

Bæjarstjórn Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið með breytingunni er að þetta byggð í Innbæ, hún skal vera í samræmi við núverandi byggð hvað varðar tegundir, stærðir, þéttleika og ásýnd byggðar. Með þéttingu byggðar skal tryggja gönguleiðir að opnum svæðum. Þétting byggðar tekur til nýrra lóða, auk aðliggjandi byggðra lóða við Silfurbraut og Hvannabraut. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir íbúðarlóðum fyrir einbýlishús og raðhús. Svæðið er auðkennt sem íbúðarsvæði IB9 í aðalskipulagi.

Tillagan var áður auglýst frá 19. desember 2019 til mánudagsins 3. febrúar 2020. Vakin er athygli á því að breytingar hafa verið gerðar frá áður auglýstri tillögu. Ein lóð var tekin út úr tillögunni og tveimur var hliðrað til. Við þverun á göngustíg var akbraut þrengd. Skilmálum hefur verið breytt m.t.t. grundunar húsa og aðgerða á framkvæmdatíma.

Tillagan verða til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með fimmtudeginum 18. mars nk. til föstudagsins 30. apríl 2021 og á vef sveitarfélagsins, www.hornafjordur.is undir skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til föstudagsins 30. apríl 2021. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is merkt „Þétting byggðar.“

Brynja Dögg Ingólfssdóttir,
umhverfis- og skipulagsstjóri.

(2021006107

Útgáfud.: 19. mars 2021

Auglýsing um skipulag - Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt sameiginleg tillaga að deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun.

Hvammsvirkjun, deiliskipulag virkjunar í Þjórsá.

Sveitastjórnir Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps leggja sameiginlega fram tillögu að deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun. Framkvæmdasvæði Hvammsvirkjunar er í báðum sveitarfélögunum. Stöðvarmannvirki verða í landi Hvamms í Rangárþingi ytra en stíflumannvirki og lón munu taka yfir land í ofanverðri Landsveit og í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ofangreind tillaga ásamt kynningargögnum frá Landsvirkjun má nálgast hjá Skipulagsfulltrúum ofangreindra sveitarfélaga og á heimasíðum sveitarfélaganna Rangárþings ytra, www.ry.is og Skeiða- og Gnúpverjahreppur, www.skeidgnup.is. Nálgast má frekari upplýsingar auk niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum á heimasíðu verkefnisins Hvammsvirkjun - hvammur.landsvirkjun.is.

Athugasemdir og ábendingar við auglýsingu deiliskipulagsins skulu berast eigi síðar en 30. apríl 2021 og skal skilað skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni, á skrifstofu skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra Suðurlandsvegi 1-3, Hellu eða með tölvupósti á netföngin vigfus@utu.is og/eða birgir@ry.is.

Í samræmi við bókun sveitarstjórnar teljast athugasemdir sem bárust vegna kynningar málsins jafnframt til athugasemda við auglýsingu skipulagsins nema ný athugasemd berist frá sama aðila á auglýsingatíma skipulagsins.

Haraldur Birgir Haraldsson skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra.

Vígfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi UTU.

(2021006115

Útgáfud.: 23. mars 2021

Auglýsing um skipulag - Kópavogsbær

Auglýsing um breytt deiliskipulag í Kópavogi.

Kleifakór 2-4. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 9. mars 2021 með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi við Kleifakór 2-4. Í breytingunni felst að skipulagsmörk gildandi deiliskipulags Hörðuvalla (Vatnsenda) sem samþykkt var í bæjarráði 24. júlí 2003 vikka til norðausturs og að skilgreind verði ný lóð, Kleifakór 2-4 innan skipulagssvæðisins. Gert er ráð fyrir að lóðin verði 2.480 m² að flatarmáli og að á henni verði heimilt að reisa búsetukjarna með 7 minni íbúðum fyrir fatlaða og aðstöðu fyrir starfsfólk. Nýbyggingin verði allt að

600 m² að flatarmáli og á einni hæð. Þá er gert ráð fyrir 15 bílstæðum á austurhluta lóðarinnar.

Breytingin er kynnt samhliða tillögu að nýju aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 þar sem landnotkun á lóðinni er skilgreind sem íbúðabyggð.

Tillagan er sett fram á uppdætti í mkv. 1:2000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 9. mars 2021. Nánar er vísað til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Ef óskað er eftir nánari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsmenn skipulagsdeildar Umhverfissviðs á netfangið skipulags@kopavogur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar Umhverfissviðs, Digraanesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15.00 fimmtudaginn 6. maí 2021.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

(2021006296

Útgáfud.: 18. mars 2021

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. mars 2021 í máli nr. L-448/2021, var Kristján Guðmundur Halldórsson, kt. 190991-3509, sviptur fjárræði í tuttugu ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði, 16. mars 2021.

Halldóra Þorsteinsdóttir.

(2021006092

Útgáfud.: 19. mars 2021

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 17. mars 2021 í máli L-1383/2021, var Baldur Kristjánsson, kt. 060351-3769, sviptur fjárræði tímabundið í tíu ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 17. mars 2021.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari.

(2021006124

Útgáfud.: 23. mars 2021

Tilkynning um meðferð máls samkvæmt barnalögum nr. 76/2003

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, Heiðarvegi 15, Vestmannaeyjar, gerir kunnugt: Lögð hefur verið fram beiðni um niðurfellingu eða lækkun aukins meðlags skv. 64. gr. barnalaga nr. 76/2003 til handa Guðríðar Óskar Jónsdóttur, kt. 120790-2779, Danmörku, upplýsinga um heimilsfang verður ekki aflað.

Með vísan til 4. mgr. 70. gr. barnalaga nr. 76/2003 er hér með skorað á Guðríði Ósk Jónsdóttur að mæta til fyrirtöku málsins á skrifstofu sýslumanns að Heiðarvegi 15, föstudaginn 30 apríl 2021, kl. 13.00, ellegar senda sýslumanni skriflega greinargerð um viðhorf sín til kröfunnar.

Athygli er vakin á því að verði þessari kvaðningu ekki sinnt mun sýslumaður veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja vegna framangreinds máls.

Vestmannaeyjum, 22. mars 2021.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.

(2021006294

Útgáfud.: 24. mars 2021

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. mars 2021 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
------------------	--------------------	----------------------

Vilji eignarhaldsfélag ehf., kt. 610995-2259, Bauganesi 44, Reykjavík 2021005717)	17. október 2019	fimmtudaginn 27. maí 2021, kl. 13.00
---	------------------	--

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hávallagötu 9, 101 Reykjavík, Kjerulf lögmannsþjónusta.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hávallagötu 9, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 5. mars 2021.

**Herdís Kjerulf
Þorgeirsdóttir hdl.**

(2021005716B

Útgáfud.: 24. mars 2021

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. mars 2021 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
------------------	--------------------	----------------------

ÞM 2020 ehf., kt. 660203-4190, Dalbraut 1, Reykjavík 2021005719)	15. janúar 2021	fimmtudaginn 27. maí 2021, kl. 10.55
--	-----------------	--

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hávallagötu 9, 101 Reykjavík, Kjerulf lögmannsþjónusta.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hávallagötu 9, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 5. mars 2021.

**Herdís Kjerulf
Þorgeirsdóttir hdl.**

(2021005718B

Útgáfud.: 24. mars 2021

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 11. mars 2021 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
------------------	--------------------	----------------------

Café Luna ehf., kt. 591107-0110, Vallarbarði 16, Hafnarfirði 2021005731)	23. desember 2020	föstudaginn 28. maí 2021, kl. 9.30
--	-------------------	--

Kerálfur ehf., kt. 580110-1770, Pósthólf 330, Reykjanesbæ 2021005732)	18. desember 2020	föstudaginn 28. maí 2021, kl. 9.00
---	-------------------	--

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Pósthólf 8552, 128 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Sigtúni 42, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 12. mars 2021.

**Ingólfur Vignir
Guðmundsson lögmaður.**

(2021005730B)

Útgáfud.: 23. mars 2021

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 11. mars 2021 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
------------------	--------------------	----------------------

SB þjónustan ehf., kt. 650417-2670, Gullsmára 2, Kópavogi	23. desember 2020	föstudaginn 4. júní 2021, kl. 13.30
--	-------------------	---

2021006307)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Box 67, 107 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Álfamýri 9, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 16. mars 2021.

**Elísabet Guðbjörnsdóttir
lögmaður.**

(2021006306A)

Útgáfud.: 23. mars 2021

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. mars 2021 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
------------------	--------------------	----------------------

Páll Arnar Jónsson, kt. 161096-3429, Dofraborgum 3, Reykjavík	4. nóvember 2020	fimmtudaginn 10. júní 2021, kl. 14.00
--	------------------	---

2021006326)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hofsbót 4, 600 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kalkofnsvegi 2, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 18. mars 2021.

**F.h. Jóns Stefáns Hjaltalín
lögmaður,
Ingvar Rafn Hjaltalín
lögfræðingur.**

(2021006325A)

Útgáfud.: 23. mars 2021

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 15. mars 2021 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
------------------	--------------------	----------------------

EDKD TRADING ehf., kt. 501109-1340, Jörundarholti 46, Akranesi	10. febrúar 2021	miðvikudaginn 16. júní 2021, kl. 9.00
---	------------------	---

2021006329)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartúni 26,

105 Reykjavík (LEX ehf.).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26, 3. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 18. mars 2021.
F.h. Birgis Mús Björnssonar
lögmanns,
Kara Borg Fannarsdóttir
lögmaður.

(2021006328A

Útgáfud.: 23. mars 2021

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. mars 2021 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búnum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
-----------	-------------	---------------

Einar Albert Sigurðsson, kt. 290459-4519, Efstasundi 66, Reykjavík 2021006331)	15. janúar 2021	föstudaginn 4. júní 2021, kl. 9.30
---	-----------------	--

Lifun ehf., kt. 490318-0970, Háaleitisbraut 30, Reykjavík 2021006332)	17. desember 2020	föstudaginn 4. júní 2021, kl. 9.00
---	-------------------	--

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búnum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búnum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búnum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 20. mars 2021.
Halldór Reynir Halldórsson
hrl.

(2021006330A

Útgáfud.: 23. mars 2021

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. mars 2021 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
-----------	-------------	---------------

Guðmundur Á. Hilmarsson, kt. 290193-3389, Rauðási 21, Reykjavík 2021006334)	23. febrúar 2021	fimmtudaginn 10. júní 2021, kl. 13.00
--	------------------	---

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hofsbót 4, 600 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kalkofnsvegi 2, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 18. mars 2021.
F.h. Jóns Stefáns Hjaltalín
lögmaður,
Ingvar Rafn Hjaltalín
lögfræðingur.

(2021006333A

Útgáfud.: 24. mars 2021

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 11. mars 2021 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búnum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
-----------	-------------	---------------

Brúðarkjólaleiga Línu/Lilju ehf., kt. 691107-1830, Akurhvarfi 7, Kópavogi 2021006358)	20. janúar 2021	mánudaginn 31. maí 2021, kl. 10.00
--	-----------------	--

Medasin ehf., kt. 540705-0380,	18. desember 2020	mánudaginn 31. maí 2021,
-----------------------------------	-------------------	-----------------------------

Selbrekku 20,
Kópavogi
2021006357)

kl. 11.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara. Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Kringlunni 7, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 18. mars 2021.
F.h. Auðar Ýr Helgadóttur
lögmanns,
Gunnlaugur Garðarsson
lögmaður.

(2021006356A

Útgáfud.: 24. mars 2021

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 15. mars 2021 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Þóroddur Björn Þorkelsson, kt. 060789-3989, Arnarkletti 26, Borgarnesi 2021006360)	3. mars 2021	Þriðjudaginn 15. júní 2021, kl. 10.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Kirkjubraut 12, 300 Akranesi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kirkjubraut 12, Akranesi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akranesi, 17. mars 2021.
Ómar Karl Jóhannesson
lögmaður.

(2021006359A

Útgáfud.: 24. mars 2021

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. mars 2021 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Reynir Ragnarsson, 3. mars 2021 kt. 221284-2759, Unufelli 21, Reykjavík 2021006370)		föstudaginn 4. júní 2021, kl. 13.00
Tómas Ryan Margrétarson McGuire, kt. 180172-2469, Hallgerðargötu 16, Reykjavík 2021006369)	3. mars 2021	föstudaginn 4. júní 2021, kl. 14.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara. Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Höfðabakka 9, 110 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Höfðabakka 9, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 22. mars 2021.
Kári Valtýsson hdl.

(2021006368A

Útgáfud.: 23. mars 2021

Lausar stöður þriggja lögreglumanna - Lögreglustjórinn á Austurlandi

Lögreglustjórinn á Austurlandi auglýsir lausar til umsóknar stöður þriggja lögreglumanna við embættið með starfstöðvar á Eskifirði annarsvegar og Egilsstöðum hinsvegar.

Sett verður í stöðurnar til árs frá og með 15. maí 2021 með möguleika á skipun að reynslutíma loknum.

Ráðningarkjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Um er að ræða vaktavinnu og bakvaktir.

Umsækjendur þurfa að uppfylla almenn skilyrði til að gegna lögreglustarfi skv. 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í lögreglufræðum sem jafngildir að minnsta kosti 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnámi. Góð þekking á lögreglukerfinu (LÖKE) er kostur. Færni í mannlegum samskiptum, góðir skipulagshæfileikar, frumkvæði, nákvæmni í vinnubrögðum og hæfni til að starfa í hóp eru nauðsynlegir eiginleikar. Góð staðarþekking er kostur. Æskilegt er að umsækjendur hafi gott vald á íslensku og góða almenna tölvukunnáttu.

Umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi er víðfemt með sex starfsstöðvar; á Egilsstöðum, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, í Neskaupstað, á Djúpavogi og Vopnafirði. Rannsóknardeild er á Fáskrúðsfirði sem sinnir öllu starfssvæðinu. Þar eru stærri brot og umfangsmeiri rannsókuð. Önnur mál eru að jafnaði til rannsóknar í almennri deild.

Verkefni lögreglu eru fjölbreytt á svo stóru starfssvæði með hálendiseftirliti meðal annars og virku eftirliti í tengslum við ferðir Norrænu sem siglir vikulega allt árið til hafnar á Seyðisfirði.

Sérstaða embættisins er dreifð byggðin með tólf byggðakjörnum allt frá Djúpavogi í suðri til Vopnafjarðar í norðri. Stærstur byggðakjarna er Egilsstaðir.

Á svæðinu er gott mannlíf og fjölskylduvænt umhverfi þar sem eru miklir möguleikar til útivistar og fjölbreyttrar tómstunda- og íþróttaiðkunar fyrir bæði börn og fullorðna. Fjölskrúðugt menningarlíf og stórbrotin náttúra þar sem eru heimkynni hreindýra. Landslagið er fjölbreytt og stutt á Vatnajökul og hálendið.

Nánari upplýsingar um stöðurnar gefur Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn í síma 444-0635.

Umsóknir, sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Lögreglustjórinn á Austurlandi setur í stöðurnar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningar liggur fyrir. Umsókn gildir í 6 mánuði frá lokum umsóknarfrests.

Konur jafnt sem karlar eru hvattir til að sækja um auglýstar stöður.

Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl 2021.

Sækja skal um stöðurnar rafrænt á starfatorg.is.

Eskifirði, 23. mars 2021.

Lögreglustjórinn á Austurlandi.

(2021006292

Útgáfud.: 23. mars 2021

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kringlunni 7, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:	Skiptafundur:
Db. Atla Þórs Símonarsonar,	31. mars 2021,
kt. 251259-2169,	kl. 10.00
Hverfisgötu 83, Reykjavík	

Reykjavík, 18. mars 2021.

Gunnlaugur Garðarsson
lögmaður.

(2021006304

Útgáfud.: 23. mars 2021

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26, 3. hæð, Reykjavík á neðangreindum tíma.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Þrotabúi, nafn:	Skiptafundur:
Gljúfurbyggð ehf.,	31. mars 2021,
kt. 470503-2540,	kl. 11.00
síðasta heimilisfang:	
Klettagljúfri	4,
Sveitarfélaginu Ölfusi	

Reykjavík, 22. mars 2021.

Óskar Sigurðsson hrl.

(2021006315

Útgáfud.: 24. mars 2021

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26, 105 Reykjavík, c/o Landslög slf., á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:	Skiptafundur:
H 106 ehf.,	9. apríl 2021,
kt. 540116-1480,	kl. 09.00
Rauðhelli 5, Hafnarfirði	

Reykjavík, 18. mars 2021.

Áslaug Árnadóttir
lögmaður.

(2021006373)

Útgáfud.: 23. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 18. desember 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. mars 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Lýstar kröfur:

Sæmundur
Guðmundsson,
kt. 020780-5849,
Miðvangi 8, Hafnarfirði

Guðjón kr. 9.043.275

Reykjavík, 15. mars 2021.

Stefán Ragnarsson
lögmaður.

(2021006324)

Útgáfud.: 23. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 17. september 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 17. desember 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Lýstar kröfur:

Endurverk ehf.,
kt. 470307-0720,
Hábrekku 3, Ólafsvík

skv. 113. gr. kr. 2.363.630 og
skv. 114. gr. kr. 9.700.

Borgarnesi, 18. mars 2021.

Lilja Björg Ágústsdóttir
lögmaður.

(2021006327)

Útgáfud.: 23. mars 2021

Auglýsing um skipulag - Kópavogsbær

Nýtt aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. Tillaga til kynningar.

Vakin er athygli á að bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 9. mars 2021 að auglýsa tillögu að nýju aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 - dags. 24. nóvember 2021, uppfærð í febrúar 2021 - í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um auglýsingu aðalskipulagstillögu. Tillagan var uppfærð í febrúar 2021 með vísan til athugasemda Skipulagsstofnunar dags. 8. febrúar 2021.

Í tillögunni kemur m.a. fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaðþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál innan lögsögu Kópavogs til næstu 20 ára. Enn fremur er kynnt umhverfismat aðalskipulagsins sem sett er fram í umhverfisskýrslu. Matið er unnið í samræmi við lög nr. 105 frá 2006 en markmið laganna er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.

Tillagan ásamt umhverfisskýrslu og öðrum gögnum er aðgengileg á heimasíðu bæjarins á; <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu> og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8.30 til 16.00 mánudaga til fimmtudaga á föstudögum frá 8.30 til 13.00.

Tillagan ásamt öðrum gögnum verður einnig aðgengileg hjá Skipulagsstofnun á www.skipulag.is.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar þurfa að berast til skipulagsdeildar Kópavogs, Digranesvegi 1 eða með tölvupósti á skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15.00, fimmtudaginn 6. maí 2021.

Vakin er athygli á því að fimmtudaginn 15. apríl nk. milli kl. 16.30 til 18.00 verður haldinn kynningarfundur í beinu streymi um aðalskipulagstillöguna. Fundurinn verður aðgengilegur á heimasíðu Kópavogs, www.kopavogur.is. Upptaka af fundinum verður síðan gerð aðgengileg á heimasíðu bæjarins eftir fundinn. Enn fremur mun kynningarefni fundarins verða aðgengilegt á heimasíðunni. Hægt verður að senda inn fyrirspurnir til starfsmanna skipulagsdeildar meðan á fundinum stendur á tölvupóstfangið skipulag@kopavogur.is.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

(2021006293)

Lögbirtingablað,
11. tölublað 2021.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.